

FW: Viðbygging við hjúkrunarheimilið Eyri

Til : Bryndís Ósk Jónsdóttir
Frá : Almennur póstur
Heiti : FW: Viðbygging við hjúkrunarheimilið Eyri
Málsnúmer : 2020040005
Málsaðili : Ísafjarðarbær - Umhverfis- og eignasvið
Skráð dags : 07.10.2020 13:29:47
Höfundur : Almennur póstur

Viðhengi [image003.jpg](#)[image003.jpg](#)
[image002.jpg](#)[image002.jpg](#)
[image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi

450 8038 - tinnaolafs@isafjordur.is

From: Guðrún Fanney Sigurðardóttir

Sent: miðvikudagur, 7. október 2020 11:25

To: Ísafjarðarbær

Cc: Birgir Gunnarsson ; Guðrún Ingvarsdóttir ; Örn Baldursson ; Hannes Frímann Sigurðsson ; Hrafn Hlynsson ; Guðlaug Einarsdóttir

Subject: Viðbygging við hjúkrunarheimilið Eyri

Ísafjarðarbær

b.t. bæjarstjórnar

HRN20030244

Efni: Hjúkrunarheimilið Eyri á Ísafirði, viðbygging.

Samningur um byggingu 30 rýma hjúkrunarheimili á Ísafirði var undirritaður í nóvember 2011. Árið 2012 var haldin lokuð samkeppni um byggingu 30 rýma hjúkrunarheimilis á Ísafirði en skv. samkeppnislýsingu átti að gera ráð fyrir mögulegri framtíðarstækkun um 10 rými.

Ísafjarðarbær tók að sér að byggja og eiga húsnæðið í gegnum svokallaða leiguleið. Tengigangur sem tengir húsnæðið við húsnæði Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða var byggður af Ísafjarðarbæ samkvæmt sérstöku samkomulagi þar um. Hjúkrunarheimilið Eyri var tekið í notkun í árslok 2015.

Í framkvæmdaáætlun um byggingu hjúkrunarheimila 2019-2024 ákvað heilbrigðisráðherra að hafist yrði handa við stækkun á hjúkrunarheimilinu Eyri og að byggt yrði við núverandi húsnæði 10 hjúkrunarrými í hefðbundinni opinberri framkvæmd með samvinnu ríkis og sveitarfélags þar sem hlutur ríkissjóðs í nýbyggingunni yrði allt að 85% kostnaðar og hlutur sveitarfélagsins 15%.

Heilbrigðisráðuneytið óskaði eftir því í bréfi dags. 27. apríl. 2020 við fjármála- og efnahagsráðuneytið að Framkvæmdasýslu ríkisins yrði falið að vinna frumathugun vegna viðbyggingarinnar og fór sú vinna af stað í kjölfarið ásamt vinnu við gerð samnings á milli ráðuneytisins og sveitarfélagsins um byggingu viðbyggingunnar.

Erindi barst heilbrigðisráðuneytinu þann 31. ágúst frá Birgi Gunnarssyni bæjarstjóra Ísafjarðarkaupstað þar sem hann óskaði eftir því að ríkið yfirtæki skuldbindingar sveitarfélagsins vegna Eyrar.

Þann 2. september var haldinn fjarfundur með sérfræðingum ráðuneytisins og bæjarstjóra þar sem erindið var rætt

og var niðurstaða þess fundar að ríkið myndi ekki taka yfir skuldbindingar Ísafjarðarbæjar um fyrirliggjandi hjúkrunarheimili.

Ráðuneytið ítrekaði síðan svar sitt formlega í bréfi þann 16. september þar sem jafnframt kom fram að ef bærinn óskaði eftir því að hlé yrði gert á undirbúningi framkvæmda við viðbygginguna, yrði að senda formlegt erindi þess efnis til ráðuneytisins. Erindi hefur ekki borist ráðuneytinu frá Ísafjarðarbæ þess efnis.

Þann 6. október barst ráðuneytinu tölvupóstur frá Framkvæmdasýslu ríkisins þar sem óskað var eftir svörum við því hvort að halda ætti áfram vinnu við gerð frumathugunar þar sem þeim hafði borist tölvupóstur frá bæjarstjóra þess efnis að heilbrigðisráðuneytið hefði lýst sinni skoðun á málinu varðandi eignarhaldið en að þeirra mati væri endanleg ákvörðun væntanlega í höndum fjármálaráðuneytisins.

Markmið þessa bréfs er að benda bæjarstjórn á að óski hún eftir því að hlé verði gert á undirbúninga framkvæmdanna vegna viðbyggingarinnar við Eyri verði að koma formlegt erindi þess efnis til heilbrigðisráðuneytis.

Í annan stað óskar ráðuneytið eftir upplýsingum um hvort bæjarstjórn hafi sent formlegt erindi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem óskað er eftir að ríkið taki yfir skuldbindingar sveitarfélagsins vegna núverandi hjúkrunarheimilis samhliða samningi um byggingu viðbyggingarinnar.

Með kveðju,
Guðrún Fanney

Guðrún Fanney Sigurðardóttir, sérfræðingur / Special Advisor
Heilbrigðisráðuneyti / Ministry of Health
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8700
www.stjornarradid.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)